

## Skólaráðsfundur 24. maí 2022

**Mættir:** Ágúst F Jakobsson skólastjóri, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Katrín Anna Eyvindardóttir fltr. kennara, Guðrún Yrsa Richter fltr. foreldra.

### Dagskrá:

#### Næsta skólaár

- a) Stundaskrárramma. Gert er ráð fyrir óbreyttum tímaramma í stundaskrá, kennsla hefjist kl. 8:30 að morgni, frímínútur kl. 10:10-10:30, matartímar á bilinu 11:30-12:30 og skólalok kl. 13:30 hjá 1.-4. bekk og 14:10 hjá 5.-7. bekk
- b) Viðmiðunarstundaskrá. Svipað tímamagn í námsgreinum nema smávægileg aukning í list- og verkgreinatímum á yngsta stigi. Þá verða tímar í fjölvali lengdir og aldursbil þar minnkað með því að skipta því í 3 aldursbil.
- c) Skipulag hópa / kennsluteyma. Farið yfir niðurröðun starfsfólks í teymi og stundaskrárforsendur. Enn vantar þrjá kennara en auglýsing er í gangi og nokkrar umsóknir fyrir hendi.
- d) Fjölval. Farið yfir hugmyndir um fyrirkomulag fjölvals.
- e) Helstu verkefni skólaársins. Fyrst og fremst munum við einbeita okkur að áframhaldandi innleiðingu leiðsagnarnáms og falla önnur verkefni í skuggann af því máli.

#### Ytra mat

Ráðuneytið hefur kallað eftir stöðuskýrslu vegna ytra matsins sem fram fór 2018 en sendar hafa verið árlegar umbótaskýrslur vegna þess. Skýrslan verður send fulltrúum til skoðunar.

#### Húsnæðismál

Farið yfir minnispunkta vegna sýnatöku að loknum framkvæmdum í miðálmu skólans í vetur. Eitt sýnið var ekki alveg hreint (stofa M-209) og þarf að skoða það rými nánar. Þá verða teknar stikkprufur víða í húsnæðinu í sumar.

#### Menntastefna Garðabæjar

Kynnt útgáfa nýrrar menntastefnu bæjarins 2022-2030